

Forsætisráðuneytið,  
Stjórnarráðinu við Lækjartorg,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 8. mars 2016.

**Athugasemdir Landeigendafélags Geysis ehf. við drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.**

Stjórn Landeigendafélags Geysis ehf. hefur falið mér undirrituðum að koma á framfæri athugasemdum við drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1933.

Aðilar að Landeigendafélagi Geysis ehf., eru eigendur 74,72% hverasvæðisins við Geysi í Haukadalsdal en svæðið er í óskiptri sameign þeirra einstaklinga og félaga sem standa að félaginu og íslenska ríkisins, sem á 25,28% sameignarlandsins. Sameignarlandið er að stærð 176.952 m<sup>2</sup>. Auk þess á íslenska ríkið séreignarspildu innan sameignarlandsins að stærð 23.046 m<sup>2</sup>.

Meðferð og framtíðarnýting sameignarlandsins skiptir eigendur þess miklu. Landeigendur stofnuðu því sérstakt félag, Landeigendafélag Geysis ehf., en hlutverk félagsins er eingöngu að leigja af landeigendum í Haukadalsdal sameignarland þeirra, hverasvæðið í Haukadalsdal, (Geysissvæðið innan girðingar), að byggja það upp og reka svæðið, stuðla að umhverfisvænni nýtingu svæðisins þar sem sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi, að varðveita náttúruminjar svæðisins og þjónusta ferðamenn.

Stjórn landeigendafélags Geysis ehf. hefur um árabíl reynt að ná samkomulagi við íslenska ríkið um afnot landsins, viðhald þess og uppbyggingu. Til þess að stuðla að verndun svæðisins og aðstoðu fyrir þá sem það heimsækja ákvað stjórn landeigendafélagsins að innheimta hóflegt gjald af þeim sem færu inn á sameignarlandið og vildu skoða og njóta auðlinda þess og náttúru. Íslenska ríkið stóð gegn gjaldtökunni og fékk henni hrundið með aðstoð dómstóla. Þar með var landeigendum nánast gert ókleift að fjármagna þær endurbætur sem eru aðkallandi og stuðla að bættu aðgengi ferðamanna.

**Athugasemdir Landeigendafélags Geysis ehf.**

Stjórn landeigendafélagsins er sammála þeim markmiðum sem fram koma í drögum að breytingu stjórnarskrárinnar um að allar auðlindir hér á landi skuli nýta til hagsbóta landsmönnum öllum. Það markmið kemur þegar fram í stjórnarskrá og almennum lögum.

Í frumvarpsdrögum að nýjum ákvæðum í stjórnarskrána eru ákvæði sem beinlínis snerta stjórnarskrárvarða hagsmuni landeigenda á Geysissvæðinu. Fyrri ákvæðið er svohljóðandi:

Vernd náttúru og umhverfis.

Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvílir sameiginlega á öllum og skal verndin grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stuðlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og vöxtur lífríkis og viðgangur tryggður.

Allir skulu njóta heilnæms umhverfis. Almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Ganga skal vel um náttúruna og virða hagsmuni landeigenda og annarra réttihafa. Mælt skal nánar fyrir í lögum um inntak og afmörkun almennaréttar.

Í lögum skal mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.

Stjórn landeigendafélagsins gerir ekki athugasemdir við fyrri lið greinarinnar sem felur í sér almenna stefnuyfirlýsingu. Stjórn landeigendafélagsins telur hins vegar að skilgreina þurfi hugtakið „almennarétt“ í stjórnarskrá en ekki í almennum lögum og þá þannig að réttindi landeigenda verði tryggð. Sameignarlandið á Geysissvæðinu er afgirt svæði, tæpir 20 hektarar, og þangað er stefnt um milljón ferðamönnum á ári miðað við núverandi gestafjölda. Ótækt er að skilja eftir með óskýrum hætti atriði eins og „virða hagsmuni landeigenda og annarra réttihafa.“

Hagsmunir landeigenda eru þegar tryggðir í 72. gr. núgildandi stjórnarskrá en þar er mælt fyrir að eignarrétturinn sé friðhelgur. Stjórn landeigendafélags Geysis telur að framangreind tillaga að nýju ákvæði í stjórnarskrána stríði gegn og sé ósamrýmanleg núverandi ákvæði.

Landeigendafélag Geysis telur brýnt að hugtök eins og „för um landið og dvöl þar“ sæti þegar skilgreiningu í stjórnarskrá. Alþingi hefur þegar sett í löggjöf ákvæði um rétt almennings til farar um landið og dvalar þar í lögmætum tilgangi, sbr. 17. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ákvæði þetta er jafn óskýrt og það sem gert er ráð fyrir að sett verði í stjórnarskrá. Að mati stjórnar landeigendafélagsins ber að draga mörk á milli lands í eigu einstaklinga og félaga annars vegar og ríkisins eða almennings hins vegar. Nú hefur stór hluti landsins, og þ.á.m. allt miðhálandið, verið skilgreint sem þjóðlenda og ætti að mati landeigendafélagsins að vera nægilegt að tryggja almennungi frjálsta för um þjóðlendur og eignarlönd ríkisins.

Seinna ákvæðið sem gert er ráð fyrir að sett verði í stjórnarskrána og varðar hagsmuni Landeigendafélags Geysis hljóðar svo:

*Náttúruauðlindir í þjóðareign.*

Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt og til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarétti eru þjóðareign. Enginn getur fengið þessi gæði eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þau eða veðsetja. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forsjá og ráðstöfunarrétt þeirra í umboði þjóðarinnar.

Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign. Veiting nýtingarheimilda skal grundvallast á lögum og gætt skal jafnræðis og gagnsæis. Slíkar heimildir leiða aldrei til varanlegs eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindum.

Stjórn Landeigendafélags Geysis ehf. gerir athugasemdir við það ákvæði greinarinnar að ríkið hafi eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna í umboði þjóðarinnar. Samstarf landeigendafélagsins og ríkisins á Geysissvæðinu hefur verði með þeim hætti að allt

frumkvæði hefur komið frá landeigendum en ríkið hefur dregið lappirnar og staðið gegn því að landeigendur geti sinnt skyldu sinni um verndun og uppbyggingu svæðisins. Ákvæðið er einnig allt of óljóst en ekkert kemur fram á grundvelli hvaða sjónarmiða umsjón og eftirlit ríkisins verður framkvæmd. Eftirlits- og umsjónarvald felur í sér stjórnun yfir nýtingu þeirra eigna sem um ræðir hverju sinni. Þá fer ekki milli mála að ákvæðið skarast á við verndarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að eignarrétturinn sé friðhelgur.

Stjórn Landeigendafélags Geysis ehf. fagnar því að sett sé í stjórnarskrá ákvæði um að að jafnaði skuli tekið eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign. Landeigendafélag Geysis hefur barist fyrir því að fá að taka eðlilegt gjald af þeim sem heimsækja sameignarlandið og vilja skoða og njóta auðlinda þess en sætt andstöðu ríkisins. Því er nauðsynlegt að ákvæðið taki ekki eingöngu til auðlinda sem ríkið á alfarið heldur einnig auðlinda sem ríkið á í sameign með öðrum.

Stjórn Landeigendafélags Geysis ehf. áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

f.h. stjórnar Landeigendafélags Geysis ehf.,



Hjörleifur B. Kvaran, hrl.